


Alþingi
Erindi nr. P 136/1211
komudagur 11.3.2009



JAFNRÉTTISRÁÐ

Nefndasvið Alþingis
Sent með tölvupósti á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 10. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 356. mál.

Jafnréttisráð fagnar framkomnu frumvarpi til breytinga á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög og hvetur til að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Kyngreindar upplýsingar um sem flest svið samfélagsins eru nauðsynlegar bæði stjórnvöldum, hagsmunaaðilum og öllum almenningi til að unnt sé að greina stöðu kynjanna á einstökum sviðum í samfélaginu. Þær eru forsenda þess að hægt sé að greina þróun jafnréttis kynjanna og árangur stefnumótunar og sömuleiðis forsenda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum. Svo rík áhersla er á þær lögð að kveðið er á um það í 16. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 að greint skuli á milli kynja við alla opinbera hagskýrslugerð.

Viðskiptalífið er sá geiri samfélagsins þar sem jafnrétti karla og kvenna stendur hvað höllustum fæti, sé miðað við fjölda kvenna í stjórnnum og í efstu stjórnunarstöðum. Hingað til hefur það kostað mikla vinnu og fjárútlát að afla upplýsinga um stöðu kynjanna á því sviði og hefur það aðeins verið gert í gegnum sérstök tímabundin verkefni, sem eðli málsins samkvæmt geta verið stopul, enda ekki hluti opinberrar upplýsingasöfnunar eða -miðlunar. Jafnréttisráð er þeirrar skoðunar að upplýsingaöflun sem þessi eigi að vera liður í hefðbundinni upplýsingagjöf hlutafélaga til opinberra aðila, en með því móti væri handhægt að kalla þær fram með lítilli fyrirhöfn og óverulegum kostnaði. Slík upplýsingamiðlun er ein og sér fallin til þess að viðhalda kastljósinu á viðskiptalífið hvað varðar rýran árangur þess við að ná fram markmiðum um jafna stöðu kynjanna og þar með þrýsting á það til að gera enn betur.

Ofanritað lýsir áliti meginþorra fulltrúa í Jafnréttisráði.

Fyrir hönd Jafnréttisráðs
Hildur Jónsdóttir, formaður